

Alþingi - Iðnaðarnefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 11. febrúar 2011
Tilvisun: UST20110100169/akó

Umsögn -frumvarp til laga um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða

Með tölvupósti iðnaðarnefndar Alþingis dags. 27. janúar sl. var sent til umsagnar frumvarp til laga um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Umhverfisstofnun hefur tekið frumvarpið til skoðunar og gerir eftirfarandi athugasemdir.

I. Almennt um frumvarpið

Umhverfisstofnun fagnar framkomnu frumvarpi um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Stofnunin telur að tilkoma sjóðsins yrði mikið og tímabært framfaraspór fyrir uppbyggingu, viðhald og verndun ferðamannastaða í opinberri eigu eða umsjón á Íslandi. Fjöldi ferðamanna sem sækja landið heim hefur aukist ár frá ári og er það vel, enda fer hlutdeild og vægi ferðamannaiðnaðarins í efnahagi þjóðarinnar sívaxandi. Hins hefur þróunin að sama skapi valdið miklu og vaxandi á lagi á fjölsóttu ferðamannastaði og viðkvæmar náttúruperlur, án þess að gripið hafi verið til nægilegra ráðstafana. Það er því mikið ánægjuefni að tryggður sé tekjustofn til úrbóta, sem hafi það að markmiði að vernda náttúruna, draga úr og dreifa á lagi á náttúru landsins og tryggja öryggi ferðamanna.

II Um 1. gr.

Í 1. gr. Frumvarpsins segir að fjármagni úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða skuli varið til:

- „1. Uppbyggingar, viðhalds og verndunar mannvirkja og náttúru á ferðamannastöðum sem eru í eigu opinberra aðila eða á náttúruverndarsvæðum.
2. Framkvæmda sem varða öryggi ferðamanna og verndun náttúru á ferðamannastöðum í eigu opinberra aðila jafnt sem einkaaðila.“

Jafnframt segir að sjóðnum sé „heimilt að fjármagna undirbúnings- og hönnunarvinnu sem er nauðsynleg vegna framkvæmda skv. 2. mgr. en sjóðnum er ekki heimilt að bera

rekstrarkostnað mannvirkja, náttúruverndarsvæða eða annarra ferðamannastaða.

Umhverfisstofnun telur gríðarlega þörf fyrir aukna vöktun á ástandi og þróun náttúru á ferðamannastöðum á Íslandi, ekki síst á friðlýstum svæðum. Stofnunin leggur áherslu á að vöktun er frumforsenda þess að hægt sé að meta og áætla á faglegan hátt þörf fyrir framkvæmdir á svæðunum og til hvaða ráðstafana þurfi að grípa. Þannig sé vöktun lykilatriði í þeirri undirbúningsvinnu sem nauðsynleg er vegna framkvæmda á ferðamannastöðum í þágu verndunar og því sé bæði eðlilegt og brýnt að hluta af fjármagni sjóðsins sé varið til þess verkefnis.

Í síðustu setningu 1. gr. segir : „Framlög til einkaaðila eru háð því skilyrði að um sé að ræða ferðamannastaði sem eru ávallt opnir almenningi án endurgjalds.“ Í þessu sambandi vill Umhverfisstofnun benda á að nokkur af þeim friðlýstu svæðum á Íslandi sem eru í einkaeign eru svo viðkvæm að takmarka verður umferð almennings um þau og gera það jafnvel að skilyrði að umferð sé aðeins heimil með leyfi og í fylgd umsjónaraðila svæðisins. Sem dæmi um slík svæði má nefna hella sem geyma fágætar og viðkvæmar dropsteinamyndanir. Hellarnir geta eðli mál samkvæmt ekki verið „ávallt opnir almenningi“, en þarfnað engu að síður verulegra verndaraðgerða.

Umhverfisstofnun leggur því til að 3. mgr. 1 gr. frumvarpsins hljóði svo:

„Framkvæmdasjóði ferðamannastaða er heimilt að fjármagna vöktun, hönnun og aðra undirbúningsvinnu sem nauðsynleg er vegna framkvæmda skv. 2. mgr. en sjóðnum er ekki heimilt að bera rekstrarkostnað mannvirkja, náttúruverndarsvæða eða annarra ferðamannastaða. Framlög til einkaaðila eru háð því skilyrði að um sé að ræða ferðamannastaði sem opnir eru almenningi án endurgjalds í samræmi við þolmörk þeirra.

III. Um 2. gr.

Stór hluti þeirra svæða sem njóta munu góðs af Framkvæmdasjóði ferðamannastaða eru náttúruverndarsvæði, sem vegna sérstakrar og viðkvæmrar náttúru lúta sérreglum, þarfnað sérstakrar umönnunar, og heyra undir náttúruverndaryfirvöld. Í ljósi þessa telur Umhverfisstofnun afar mikilvægt að fulltrúar með sérþekkingu á náttúru-og umhverfisvernd sitji í stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða. Stofnunin leggur því til að í stjórn sjóðsins sitji fimm fulltrúar: einn skipaður eftir tilnefningu Samtaka ferðaþjónustunnar, einn eftir tilnefningu Sambands sveitarfélaga, einn eftir tilnefningu umhverfisráðherra, einn eftir tilnefningu náttúruverndarsamtaka og einn án tilnefningar.

IV. Um 3. gr.

Í ákvæðinu kemur fram að tekjur sjóðsins verði í fyrsta lagi framlag ríkissjóðs ákveðið í fjárlögum. Frumvarp um farþegagjald og gistiáttagjald liggur einnig fyrir þinginu Hluta þess gjalds er ætlað að renna í Framkvæmdasjóð um ferðamannastaði en það kemur einungis fram í athugasemdum við 3. gr. þessa frumvarpsins. Umhverfisstofnun telur eðlilegt að kveða á um þær tekjur í ákvæðinu sjálfu.

V. Um 5. gr.

Í fimmtu grein frumvarpsiðs kemur fram að reikningsár sjóðsins sé almanaksárið.

Mikilvægt er að tekjur sjóðsins færist á milli ára þannig að ef framkvæmdir sem veita á fē í tefjast af einhverjum ástæðum gildi ekki sú regla að skylt sé að ráðstafa fénu á árinu. Besti tíminn til framkvæmda á ferðamannastöðum er yfirleitt sumarið og oft er erfitt að ljúka framkvæmdum á þeim stutta tíma m.a. vegna skorts á verktökum. Því er mikilvægt að hafa þann möguleika að unnt sé að ljúka verkinu ári síðar.

Virðingarfyllst

Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri

Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri

Anna Kristín Ólafsdóttir

Anna Kristín Ólafsdóttir
Sérfræðingur